



Sveitarfélagið  
**ÁRBORG**

# Nú flokkum við í fjórar tunnur!

Samræming úrgangsflokkunar

*Leiðbeiningar til íbúa*



PAPPIR



DAGBLÖÐ



BYLGJUPAPPI



SLÉTTUR PAPPI



PLASTUMBÚÐIR



MATARLEIFAR



BLANDADUR  
ÚRGANGUR



MÁLVAR



GLER



TEXTÍLL



SPILLIEFNI

## Nýtt samræmt flokkunarkerfi

Með síðustu breytingum á lögum um meðhöndlun úrgangs var komið á samræmdu flokkunarkerfi fyrir endurvinnslu og meðhöndlun sorps. Þetta er mikilvægt fyrir innleiðingu hringrásarhagkerfis á Íslandi og stórt framfaraskref þar sem sýnt hefur verið fram á að sérsöfnun á hráefni leiði til meiri og betri flokkunar.

Nýja flokkunarkerfið byggir á sérsöfnun á eftirfarandi flokkum við íbúðarhús:

Pappír og pappi  
Plast

Lífúrgangur - Matarleifar  
Blandaður úrgangur


Þá er sveitarfélögunum einnig skylt að nota samræmdar flokkunarmerkingar sem mun einfalda fólki mikið við flokkun. Merkingarnar eru samnorrænar og mikið af innfluttum vörum frá Norðurlöndunum eru nú þegar merktar með þessum merkjum til að leiðbeina neytendum hvernig skuli flokka. Frekari flokkunarleiðbeiningar má finna á heimasíðu Íslenska gámafélagsins.

Sveitarfélagið Árborg er að innleiða nýja kerfið og því bætist við tunna á þitt heimili. Íslenska gámafélagið mun afhenda nýjutunnuna og aðrar tunnur verða endurmerktar með nýjum merkingunum.

Aðrir flokkar sem til falla á heimilinu má skila á grenndarstöðvar eða til gámasvæðis samkvæmt gjaldskrá gámasvæðisins.

## Grunnkerfi

Grunnkerfið eru 3stk 240ltr tunnur og ein 140ltr tunna



### Pappír

Dagblöð,  
tímarit, umslög,  
skrifstofupappír og  
annar prentpappír

### Pappi

Bylgjupappi, fernur  
og aðrar umbúðir úr  
sléttum pappa, t.d.  
morgunkornspakkar og  
eggjabakkar.




### Plast

Allar umbúðir úr hörðu eða  
mjúku plasti, t.d. plastpokar,  
hreinsiefnabrusar,  
skyrdósir og plastfilma



### Blandaður úrgangur

Óhreinar umbúðir og annað  
óendurvinnanlegt eins og  
bleyjur og tyggjó



### Matarleifar


Ávextir og grænmeti, brauð,  
kaffikorgur, kjöt- og fiskafgangar,  
pasta, kartöflur, eggjaskurn,  
tannstönglar og servíettur.



## Breytingar á stærð íláta

Íbúar geta frá og með 01.04.2023 valið að breyta hjá sér samsetningu íláta m.v fjögurra tunnu kerfi.

A. Hægt verður að fá 140ltr „spartunnu“ undir blandaðan úrgang



B. Hægt verður að fá tvískipta tunnu undir almennt sorp (140 ltr.)  
og lífúrgang- matarleifar (100 ltr.)




## Breytingar á tíðni

Samþykkt hefur verið að breyta tíðni hirðu úr 21. dags yfir í 28. daga hirðu. Íbúar fá aukið rúmmál fyrir rúmmálsfrekasta úrganginn við fjölgun á ílátum. Með þessum breytingum er kostnaði haldið niðri.

## Fjölbýlishús

Breytingar verða minnstar í fyrstu hjá íbúum fjölbýlishúsa því þar verður ílátum ekki fjölgað en núverandi ílát einungis merkt upp á nýtt. Frá og með 01.01.24 tekur svo í gildi ný gjaldskrá þar sem innheimt verða sorphirðugjöld í hlutfalli við eignarhluta íbúða í fjölbýli. Við fyrstu útreikninga má áætla að sorphirðugjöld minni íbúða muni lækka.

Grunnkerfi eftir breytingar:



Húsfélög geta snúið sér til mannvirkja- og umhverfissviðs og fengið aðstoð við útreikning á fjölda íláta miðað við fjölda íbúða.




### Ábendingagátt Árborgar

Allar upplýsingar um breytingarnar eru á heimasíðu [www.arborg.is](http://www.arborg.is).

Þjónustuver Árborgar veitir aðstoð og svarar spurningum í síma 480 1900.

## Grenndarstöðvar

Við breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs verður hlutverki grenndarstöðva breytt og frá og með 01.07.2023 verður hægt skila eftirtöldum úrgangsstraumum málma, textíl og glerumbúðir og verður kostnaður við rekstur grenndarstöðva hluti af fastagjaldi heimila.



## Gámasvæði

Rekstri gámasvæðis verður breytt á þann veg að frá 01.07.2023 verður gjaldtaka á öllum flokkum sem skilað verður á gámasvæðið við Víkurheiði. Slík breyting samræmist „borgað þegar hent er“ kerfinu, n.t.t þeir borga sem nota. Rafrænt klippikort var gefið út í byrjun árs með gildistíma 30.06.2023 með 200 kg. til afnota gjaldfrjálst. Klippikortið fellur því alfarið út við þessar breytingar. Lágmarksgjald verður tekið við afgreiðslu á gjaldfrjálsum úrgangi. Ný gjaldskrá á gámasvæðinu sem tekur gildi 01.07.2023 þar sem innheimt er fyrir alla flokka

### Opnunartími gámasvæðis við Víkurheiði 4:

Virka daga 10:00-16:00

Laugardaga 9:00-16:00

Sunnudaga er lokað


## Fast gjald á heimili

Fast gjald er gjald sem sveitarfélagi er heimilt að ákveða á hvert heimili til að standa straum af kostnaði við meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu. Fast gjald hefur hingað til verið greint í sorphirðugjald og sorpeyðingargjald. Við breytingar laga þá verður til breytilegt gjald og fast gjald. Breytilegt gjald er það gjald sem stendur straum af hirðu úrgangs við heimili og íbúar geta valið sína samsetningu íláta og haft þannig áhrif á kostnað. Fast gjald er allt það gjald sem ekki er beintengd úrgangsmagni heldur stendur straum af veittri þjónustu tengda málaflokknum t.d launakostnaður starfsmanna, umsýsla málaflokksins, fræðsla, hreinsun rusls á víðavangi og rekstri grenndarstöðva. Til að halda föstu gjaldi í lágmarki þá er t.d innheimt fyrir alla flokka á gámasvæðinu.



# Flokkunartafla

## Pappír og pappi



Í tunnu fyrir pappír og pappa má setja pappír, bylgjupappa, fernur og sléttan pappa, dagblöð og tímarit. Til að hægt sé að endurvinna umbúðir/hráefni þarf það að vera hreint. Það er því mikilvægt að tæma og hreinsa matarleifar úr umbúðunum, annars eiga þær heima með blönduðum úrgangi. Til þess að spara pláss í tunnunni skal brjóta saman pappa.



Dagblöð



Tímarit



Skrifstofupappír



Minnismiðar



Bækur án harðkápu



Umslög



Fernur



Umbúðir úr pappa

**✗ Má ekki fara**

Óhreinar umbúðir  
Handþurrkur  
Servíettur/munnþurrkur  
Bökunarpappír  
Pakkabönd  
Möppur  
Bókakápur



Pappahólkar



Eggjabakkar



Morgunkornspakkar



Pizzakassar




Kassar með bylgjaðar brúnir



# Flokkunartafla

## Plast

Í tunnu fyrir plast má eingöngu setja plast. Til að hægt sé að endurvinna plast þarf það að vera hreint. Það er því mikilvægt að tæma og hreinsa matar- og efnaleifar úr umbúðum, annars eiga þær heima með blönduðum úrgangi. Plast skal rúmmálsminnka eins og hægt er til þess að spara pláss í tunnuni.



Plastbakkar



Plastpokar



Plastbrúsar



Plastlok



Plastbakkar með loki



Áleggsbréf



Plastglös



Skvísur



Plasttappar



Plastfilma



Plastdiskar



Snakkpokar



Túbur af snyrtivörum

**✗ Má ekki fara**

Óhreinar umbúðir  
Leikföng með rafhlöðum  
Raftæki  
Geisladiskar og dvd diskar  
Tannburstar  
Plastmöppur  
Lyfjaspjöld  
Umbúðir undan spilliefnum

# Flokkunartafla

## Matarleifar

Matarleifar falla til í eldhúsum heimila og fyrirtækja. Eingöngu má nota jarðgeranlega poka fyrir þennan úrgangsflokk. Matarleifum er umbreytt í meltu sem t.d. er hægt að nýta í landgræðslu.



Ávextir og grænmeti



Pasta og kartöflur



Brauð



Hrísgjón ofl. kornmeti



Kaffikorgur og kaffifilter



Ostur og annað álegg



Eldaðir fiskafgangar



Eggjaskurn



Tepokar



Eldaðir kjötafgangar



Tannstönglar



Afskorin blóm



Eldhúspappír

**✗ Má ekki fara**

Plast  
Bleyjur  
Sláturúrgangur  
Dýrasaur  
Kattasandur  
Ryksugupokar  
Eyrnapinnar  
Bómullarhnoðrar

**VISSIR ÞÚ AÐ ...**

... spilliefni og lyfja-  
afgangar innihalda  
efni sem eru skaðleg  
umhverfi og heilsu  
fólks og eiga því alls  
ekki að fara með  
blönduðum úrgangi?

**VISSIR ÞÚ AÐ ...**

... endurvinnsluhráefni þarf að vera  
hreint til að nýtast til endurvinnslu?

**VISSIR ÞÚ AÐ ...**

... til falla 50 milljón tonn af raftækjum  
árlega á heimsvísu?

**VISSIR ÞÚ AÐ ...**

... að endurvinnsla áls þarfnast einungis 5% þeirrar orku sem þarf  
við frumvinnslu þess?

**VISSIR ÞÚ AÐ ...**

... endurvinnsla á 1 tonni af plasti  
sparar 2600 lítra af olíu?

**VISSIR ÞÚ AÐ ...**

... með því að  
jarðgera lífrænan  
eldhúsúrgang nýtast  
næringarefni frá  
matarleifum til  
uppgræðslu og  
ræktunar?

**VISSIR ÞÚ AÐ ...**


... endurvinnsla á 1 tonni af pappír  
sparar um 4000 kwh af rafmagni?

**HUGSUM ÁÐUR EN VIÐ HENDUM !**

## Flokkunarárangur í Árborg

Heildarmagn almenna úrgangsins frá heimilum sem fór í orkunýtingu í Evrópu árið 2022 var 1.194 tonn. Það nýtist til að búa til orku fyrir 212 heimili í Danmörku.

Flokkunarhlutfall í Árborg 2022



## Við minnum á ábendingagátt Árborgar

Allar upplýsingar um breytingarnar eru á heimasíðu [www.arborg.is](http://www.arborg.is).

Þjónustuver Árborgar veitir aðstoð og svarar spurningum í síma 480 1900.

